

First Water (áður Landeldi hf.)
Urðarhvarf 8B,
203 Kópavogur

Reykjavík, 3.9.2024
UST202401-292/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. ágúst 2024 þar sem fram kom að fimm frávík hefðu verið skráð í eftirliti í First Water, Öxnalæk þann 28. júní 2024. Tveimur þeirra var lokað í bréfinu. Óskað var eftir úrbótaáætlun vegna hinna frávíkana ásamt uppfærðri úrbótaáætlun vegna eldra frávíks. Þann 28. ágúst 2024 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Eldra frávík varðar:

- Grein 2.4 í starfsleyfi. Efnalosun í frárennsli á fosfór (P) og köfnunarefni (N) árið 2022, mældust 8,88 kg P/framleitt tonn og 124,34 kg N/framleitt tonn. Viðmiðin eru hin vegar 7 kg P/framleitt tonn af fosfór og 60 kg N/framleitt tonn af köfnunarefni. Aukning umfram heimild er því 25% af fosfór og 107% af köfnunarefni. **Í úrbótaáætlun rekstraraðila segir að efnalosun í frárennsli síðasta árs hafi mælst 6,9 kg P/framleitt tonn og 34,2 kg N/framleitt tonn.**

Frávikin eru eftirfarandi:

- Gr. 1.2 í starfsleyfi. Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 100 tonnum af laxaeða bleikjuseiðum á ári til flutnings í aðrar fiskeldisstöðvar. Framleiðslan fór í 133,5 tonn, 33,5 tonn umfram heimild. **Í úrbótaáætlun segir að unnið sé að beiðni um breytingu á starfsleyfi. Áætlað sé að skila inn umsókn eins fljótt og auðið er. Áætluð verklok eru 29. nóvember 2024.**
- Gr. 2.7 í starfsleyfi. Styrkur ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 11. september 2023. **Skv. úrbótaáætlun hefur rekstraraðili haft samband við Sýni ehf. um að fá viðeigandi sýnatökuglös til að kanna stöðu ammóníaks í frárennsli. Gripið verði til**

frekari aðgerða ef styrkur ammóníaks verði yfir mörkum. Áætluð verklok eru 30. september 2024.

3. Gr. 2.9 í starfsleyfi. Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Minkur var inn í stöð er eftirlitið fór fram. **Í úrbótaáætlun segir að Meindýravarnir Suðurlands hafi aukið fjölda minkagilda og muni grípa til frekari aðgerða ef þörf krefji.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur